

## HVERFISRÁÐ LAUGARDALS

Ár 2018, mánudaginn 26. mars, kl. 16.00 var haldinn 163. fundur hverfisráðs Laugardals. Fundurinn var haldinn í þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis að Efstaleiti 1. Viðstödd voru: Heiðar Ingi Svansson formaður, Sandra Berg Cepero, Kristín Elfa Guðnadóttir, Leifur Björnsson (fyrir Bjarna Jónsson), Elín Engilbertsdóttir og Sigurður Þórðarson áheyrnarfulltrúi. Starfsmenn og aðrir sem sátu fundinn: Lilja S. Jónsdóttir frá Íbúasamtökum Laugardals (ÍL), Sigtryggur Jónsson framkvæmdastjóri þjónustumiðstöðvar og Helga Margrét Guðmundsdóttir verkefnisstjóri sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Formaður leitar afbrigða við dagskrá fundarins með ósk um að fá að leggja fram bréf frá umhverfis- og skipulagssviði dags. 22. mars 2018 vegna breytinga á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030. Í breytingunni felst breytt afmörkun landnotkunar fyrir samfélagsstofnanir og fleiri sambærilegar lagfæringar. Samþykkt. Málið lagt fram.
2. Fram fer kynning á Fjölskyldu- og Húsdýragarðinum í Laugardal og umræður því tengdar.  
- Kl. 16.32 tekur Lilja S. Jónsdóttir sæti á fundinum.  
Þorkell Heiðarsson verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.
3. Fram fer umræða um vinnufund sem fram fór 12. mars hjá stjórnkerfis- og lýðræðisráði um hverfisráð.
4. Lagt fram erindi frá umhverfis- og skipulagsráði dags. 6. mars 2018 með útskrift úr gerðabók frá 7. febrúar s.l. varðandi Grensásveg 12 og 14.
5. Fram fer umræða um sameiginlega tillögu hverfisráða Háaleitis og Bústaða, Laugardals og Hlíða um nýja strætóleið í Reykjavík.

**Fundi slitið kl. 17.35**

Heiðar Ingi Svansson

Sandra Berg Cepero  
Elín Engilbertsdóttir

Leifur Björnsson  
Kristín Elfa Guðnadóttir